

**SVP**Samlök
verslunar og
þjónustu

Alþingi

Erindi nr. P 139/2164

komudagur 2.5.2011

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík.

Reykjavík 2. maí 2011

Efni: Frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak, 703 mál

Lagt hefur verið fyrir Alþingi frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak. Er tilgangur laganna að mynda heildarumgjörð utan um alla verslun með áfengi og tóbak þar sem núgildandi lög eru komin til ára sinna. SVP – Samtök verslunar og þjónustu er því sammála að rétt var að að endurskoða löggjöf um áfengi og tóbak. Hins vegar telja samtökin enn sem fyrr frelsi vegna sölu áfengis of lítið og að ríkið hafi of mikil áhrif á framboð og eftirspurn áfengis. Samtökin gera ekki athugasemd við hvernig skipulagi á sölu tóbaks er háttað.

Í athugasemdum með ofangreindu frumvarpi er tekið fram að yfirvöld víða um heim hafi áhyggjur af mikilli áfengisneyslu sem talin sé skaðleg heilsu fólks. SVP vill því benda á að Íslandi hafa strangar reglur gilt um sölu áfengis en þessar reglur virðast ekki hafa skilað þeim árangri sem að var stefnt. Með rekstri ÁTVR líta yfirvöld svo á að áfengi sé ekki eins og hver önnur neysluvara. Þetta fyrirkomulag leiðir ennfremur til óhagræðis fyrir neytendur jafnframt því sem kostnaður opinbers eftirlits er mikill.


Margar af þeim skyldum sem ÁTVR ber að fylgja og varða t.d. eftirlit með aldri viðskiptavina, herferðir um áhrif áfengis og ýmis konar samstarf við lögreglu yfirvöld. Benda má á að einkaaðilar geta með tiltölulega einföldum hætti borið þá ábyrgð sem ÁTVR er lögð á herðar. Jafnframt skal bent á að þótt stefna stjórnvalda hafi verið að lágmarka skaðlega neyslu áfengis, sérstaklega m.t.t. ungmenna, þá hefur ekki verið sýnt fram á að aukið frelsi við sölu áfengis muni leiða til aukinnar sölu til ungmenna. Slík ályktun byggir aðeins á því að einkaaðilar muni ekki virða skyldur sínar. Jafnframt skal bent á að núverandi verslanir ÁTVR eru á afar áberandi stöðum og notfæra sér góða staðsetningu til að fanga athygli tilvonandi viðskiptavina, yngri sem eldri.

Í athugasemdum með umræddri greinargerð er ennfremur tekið fram að ÁTVR beri að reyna að draga úr heildarneyslu áfengis. Verður ekki séð að það fari saman að ÁTVR geti stundað almennan verslunarrekstur með áfengi og beiti til þess hefðbundnum viðskiptasjónarmiðum en eigi jafnframt að gera allt sem hægt er til að minnka neyslu landsmanna. ÁTVR er fyrirtæki sem rekið er á viðskiptalegum forsendum og því getur það vart talist raunhæft að fyrirtækið beiti þekktum aðferðum til að minnka raunar árlega sölu sína – nema um málamyndahlutverk sé að ræða.

Markmið laganna sem kemur fram í 2. gr. er víðfeðmt og að mörgu leyti óraunhæft. Umfram allt tekur frumvarpið ekki tillit til nútímakrafna almennings um almenna sölu á áfengi t.a.m. í verslunum, sem þó væri bundin skilyrðum.

Virðingarfyllt,

f.h. SVP



Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.